

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1158/2005

2016/EES/52/01

frá 6. júlí 2005

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 frá 19. maí 1998 varðandi
hagskýrslur til skamms tíma (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit Seðlabanka Evrópu ⁽¹⁾,

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1165/98 ⁽³⁾ er komið á sameiginlegum grundvallarramma fyrir söfnun, samantekt, afhendingu og mat á hagskýrslum um fyrirtæki Bandalagsins í þeim tilgangi að greina hagsveiflur.

2) Við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1165/98, með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 586/2001⁽⁴⁾, (EB) nr. 588/2001⁽⁵⁾ og (EB) nr. 606/2001⁽⁶⁾ að því er varðar skilgreiningu á aðalatvinnugreinaflokkum, skilgreiningu á breytum og veitingu undanþágna til handa aðildarríkjum, hefur gagnleg reynsla fengist sem greiðir fyrir ráðstöfunum til að bæta enn frekar skammtíma-hagskýrslur sem greina skal.

3) Í aðgerðaáætlun sinni um hagskýrsluþörf Efnahags- og myntbandalagsins (EMU) og í síðari framvinduskýrslum um framkvæmd þeirrar áætlunar, greinir efnahags- og fjármálaráðið viðbótargrundvallarþætti til að bæta hagskýrslurnar sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1165/98.

4) Vegna peningamálastefnu sinnar þarfnast Seðlabanki Evrópu skammtímahagskýrslna sem þróa þarf frekar, eins og greint er frá í skjali hans „Hagskýrsluþörf Seðlabanka Evrópu á sviði almennra efnahagslegra hagskýrslna“ og einkum þarf hann tímanlegar, áreiðanlegar og gagnlegar samtölur fyrir evrusvæðið.

5) Hagskýrsluáætlunarnefndin, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE⁽⁷⁾, hefur greint helstu evrópska hagvísa (PEEI) sem ganga lengra en gildissvið reglugerðar (EB) nr. 1165/98.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 29.6.2006, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 158, 15.6.2004, bls. 3.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 22. febrúar 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Ákvörðun ráðsins frá 6. júní 2005.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 162, 5.6.1998, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 86, 27.3.2001, bls. 11.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 86, 27.3.2001, bls. 18.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 92, 2.4.2001, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

- 6) Því er nauðsynlegt að breyta reglugerð (EB) nr. 1165/98 á þeim sviðum sem eru sérstaklega mikilvæg fyrir peningamálastefnuna og til rannsókna á hagsveiflunni. öðrum heimildum, svo sem skrám. Framkvæma skal kannanir með því að nota rafræna spurningalista og vefræna spurningalista þegar við á.“
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar. 2. Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:
- 8) Framkvæmd Lissabonáætlunarinnar um vöxt og atvinnumál felur í sér að draga úr óþarfa byrðum á fyrirtæki og miðla nýrri tækni. a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 2. mgr. 4. gr. er breytt sem hér segir:

- a) bæta skal eftirfarandi lið við einu undirgreininna:

„d) þátttaka í evrópsku úrtakskerfunum sem Hagstofa Evrópubandalaganna samræmir til að gera evrópskt mat.

Upplýsingar um kerfin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu vera eins og tilgreint er í viðaukunum. Samþykki og framkvæmd þeirra skal stjórnast af málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 18. gr.

Koma skal á fót evrópsku úrtakskerfunum þegar innlend úrtakskerfi ná ekki að uppfylla evrópsku kröfum. Aðildarríki geta jafnframt valið að taka þátt í evrópsku úrtakskerfi þegar slík kerfi geta dregið verulega úr kostnaði við hagskýrslukerfið eða minnkað fyrirhöfn fyrirtækja við að uppfylla evrópsku kröfum. Þátttaka í evrópsku úrtakskerfi skal uppfylla skilyrði aðildarríkis til að láta í té hlutaðeigandi breytur samkvæmt markmiðum slíks kerfis. Evrópsk úrtakskerfi geta ákveðið skilyrðin, sundurliðunina og skilafrest gagna.“

- b) Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Nota skal skyldukannanir til að afla upplýsinga sem eru ekki þegar tiltækar (innan tilskilinna tímamarka) í

„3. Prófa skal gæði breytnanna reglulega með því að bera þær saman við aðrar tölfræðilegar upplýsingar en hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalagsins) munu sjá um slíkan samanburð. Einnig skal kanna þær vegna innra samræmis.“

- b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Fara skal fram gæðamat þar sem ávinningurinn af því að hafa gögnin til reiðu er borinn saman við söfnunarkostnað og byrði fyrirtækja, einkum lítilla fyrirtækja. Aðildarríki skulu, að því er varðar þetta mat, senda framkvæmdastjórninni, að beiðni hennar, nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt sameiginlegri evrópskri aðferðafræði sem framkvæmdastjórnin hefur þróað í náinni samvinnu við aðildarríkin.“

3. Í stað 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við hagskýrsluáætlunarnefndina, birta fyrir 11. febrúar 2006, leiðbeiningarhandbók um aðferðafræði sem útskýrir reglurnar sem settar eru fram í viðaukunum og inniheldur einnig leiðbeiningar varðandi skammtímahagskýrslur.“

4. Í stað 2. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 11. ágúst 2008 og síðan aftur þriðja hvert ár, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hagskýrslurnar sem teknar eru saman samkvæmt þessari reglugerð og sér í lagi um mikilvægi og gæði þeirra og endurskoðun visanna. Í skýrslunni skal einnig fjallað sérstaklega um kostnaðinn við hagskýrslukerfið og fyrirhöfn fyrirtækja vegna þessarar reglugerðar með tilliti til þess ávinnings sem þau hafa af því. Þar skal tilgreina bestu starfsvenjur til að minnka fyrirhöfn fyrirtækja og gefa til kynna leiðir til að létta byrði og draga úr kostnaði.“

5. Eftirfarandi liður bætist við í 17. gr.: 2. gr.
„j) stofnsetningu evrópskra úrtakskerfa (4. gr).“
6. Breyta skal viðaukum A – D eins og sýnt er í viðaukanum. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 6. júlí 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. STRAW

forseti.

VIÐAUKI

A-HLUTI

Ákvæðum viðauka A við reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

Gildissvið

Í stað textans samkvæmt a-lið (Gildissvið) komi eftirfarandi:

„Viðauki þessi gildir um alla starfsemi sem skráð er í bálkum C – E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE) eða, eftir atvikum, um allar vörur sem skráðar eru í bálkum C – E í vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA).“

Skrá yfir breytur

Textanum í c-lið (Skrá yfir breytur) er breytt sem hér segir:

1. eftirfarandi breyta bætist við 1. lið:

„Breyta	Heiti
340	Innflutningsverð ⁶⁶

2. Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:

„2. Aðeins er heimilt að taka saman upplýsingarnar um framleiðsluverð á erlendum markaði (nr. 312) og innflutningsverð (nr. 340) með því að nota einingaverð vara sem eru upprunnar úr utanríkisverslun eða af öðrum uppruna ef ekki er veruleg rýrnun á gæðum í samanburði við sértækar verðlagsupplýsingar. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., skilyrðin fyrir því að tryggja nauðsynleg gæði gagna.“

3. Í stað 9. liðar komi eftirfarandi:

„9. Upplýsinga um framleiðsluverð eða innflutningsverð (nr. 310, 311, 312 og 340) er ekki krafist fyrir eftirfarandi flokka atvinnugreinaflokkanar Evrópubandalaganna annars vegar og hins vegar vöruflokkunar eftir atvinnugreinum: 12.0, 22.1, 23.3, 29.6, 35.1, 35.3, 37.1, 37.2. Heimilt er að breyta flokkaskránni fram til 11. ágúst 2008 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

4. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„10. Breyturnar á innflutningsverðinu (nr. 340) eru reiknaðar á grundvelli vöruflokka Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum. Innfluttar rekstrareiningar geta verið flokkaðar utan starfseminnar í bálkum C til E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.“

Framsetning

Í stað textans samkvæmt d-lið (Framsetning) komi eftirfarandi:

- „1. Allar breytur skulu sendar óleiðréttar, ef tiltækar eru.
2. Einnig skal senda framleiðslubreytuna (nr. 110) og vinnustundabreytuna (nr. 220) með vinnutímaleiðréttri framsetningu. Aðildarríki skulu einnig senda aðrar breytur, sem verða fyrir áhrifum af vinnudögum, vinnutímaleiðréttar. Heimilt er að breyta skrá yfir breytur, sem skal senda vinnutímaleiðréttar, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.
3. Einnig er aðildarríkjum heimilt að senda árstíðaleiðréttar breytur og einnig að senda breytur sem þróunarferli. Framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) er aðeins heimilt að gera og birta árstíðaleiðréttar breytur og breytur sem þróunarferli ef gögn eru ekki send í slíkri framsetningu.
4. Sendu á breytur nr. 110, 310, 311, 312 og 340 sem vísitölu. Sendu á allar aðrar breytur annaðhvort sem vísitölu eða rauntölu.“

Viðmiðunartímabil

Eftirfarandi undirliðum er bætt við undir e-lið (Viðmiðunartímabil):

„Breyta	Viðmiðunartímabil
340	mánuður“

Nákvæmnistig

Textanum í f-lið (Nákvæmnistig) er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:
 - „1. Sendu skal allar breytur, að undanskilinni innflutningsverðsbreytu (nr. 340), á bálkastigi (einn stafur), undirbálkastigi (tveir stafir) og tveggja tölustafa deildarstigi í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna. Sendu skal breytu 340 á bálkastigi (einn stafur), undirbálkastigi (tveir stafir) og tveggja stafa deildarstigi vörflokkunar eftir atvinnugreinum.
 2. Einnig ber að senda framleiðsluvísitöluna (nr. 110) og framleiðsluverðsvísitöluna (nr. 310, 311, 312) í bálki D, samkvæmt kerfi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna með þremur og fjórum tölustöfum. Í innsendum vísitölum framleiðslu og framleiðsluverðs með þremur og fjórum tölustöfum verða að vera a.m.k. 90% af heildarvirðisauka fyrir hvert aðildarríki í bálki D í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna á tilteknu grunnári. Aðildarríki, sem eru með minna en 4% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins sem heildarvirðisauka í bálki D í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna á tilteknu grunnári, þurfa ekki að senda viðkomandi breytur á þessum nákvæmnistigum.“

2. Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Þar að auki skal senda allar breytur nema veltubreytur og breytur fyrir nýjar pantanir (nr. 120, 121, 122, 130, 131 og 132) fyrir atvinnugreinar í heild, eins og þær eru skilgreindar í bálkum C til E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna og aðalatvinnugreinaflokkum, eins og þeir eru skilgreindir í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 586/2001(“).

(*) Stjtið. EB L 86, 27.3.2001, bls. 11.“

3. Eftirfarandi undirgreinar bætist við:

„5. Sendu skal veltubreytur (nr. 120, 121, 122) fyrir atvinnugreinar í heild eins og þær eru skilgreindar í bálkum C og D í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna og í aðalatvinnugreinaflokkunum, að undanskildum aðalatvinnugreinaflokkum sem skilgreindir eru fyrir orkutengda starfsemi.

6. Sendu skal breytur fyrir nýjar pantanir (nr. 130, 131, 132) fyrir heildarframleiðslu, bálk D í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna og samantekt úr aðalatvinnugreinaflokkum, sem ná yfir allar deildirnar í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins sem skilgreindar eru í 8. undirgrein c-liðar („Skrá yfir breytur“) í þessum viðauka.

7. Sendu skal innflutningsverðsbreytuna (nr. 340) fyrir heildarsamtölu iðnaðarvára í bálkum C til E í vöruflokkun eftir atvinnugreinum (CPA) og aðalatvinnugreinaflokkunum sem eru skilgreindir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 568/2001 á grundvelli vöruflokkunar eftir atvinnugreinum. Aðildarríkin sem ekki hafa tekið upp evru sem gjaldmiðil þurfa ekki að senda þessa breytu.

8. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákvarða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., skilyrðin fyrir beitingu evrópsks úrtakskerfis á innflutningsverðsbreytuna (nr. 340), eins og þau eru skilgreind í d-lið fyrstu undirgreinar í 2. mgr. 4. gr.

9. Sendu skal breytur fyrir erlenda markaði (nr. 122, 132 og 312) samkvæmt aðgreiningu í lönd á evrusvæðinu og lönd utan þess. Nota skal þessa skiptingu á atvinnugreinarnar í heild, eins og þær eru aðgreindar í bálkum C til E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, aðalatvinnugreinaflokkunum, á bálkastigi (einn bókstafur), undirbálkastigi (tveir bókstafir) og á deildarstigi (tveir tölustafir) í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna. Ekki er krafist upplýsinga um ÍSAT2008 – bálk E fyrir breytu 122. Einnig skal senda innflutningsverðsbreytuna (nr. 340) samkvæmt aðgreiningunni í lönd á evrusvæðinu og lönd utan þess. Nota skal þessa skiptingu á atvinnugreinarnar í heild, eins og þær eru aðgreindar í bálkum C til E í vöruflokkun eftir atvinnugreinum, aðalatvinnugreinaflokkunum, á bálkastigi (einn bókstafur), undirbálkastigi (tveir bókstafir) og á deildarstigi (tveir tölustafir) í vöruflokkun eftir atvinnugreinum. Framkvæmdastjórninni er heimilt, fyrir aðgreininguna í lönd á evrusvæðinu og lönd utan þess, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., að ákveða skilyrði fyrir beitingu evrópskra úrtakskerfa, eins og þau eru skilgreind í d-lið fyrstu undirgreinar í 2. mgr. 4. gr. Evrópska úrtakskerfið kann að takmarka umfang innflutningsverðsbreytunnar að því er varðar innflutning á vörum frá löndum utan evrusvæðisins. Aðildarríki, sem hafa ekki tekið upp evru sem gjaldmiðil, þurfa ekki að senda aðgreiningu á löndum á evrusvæðinu og löndum utan þess að því er varðar breytur 122, 132, 312 og 340.

10. Aðildarríki, sem eru með minna en 1% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins sem heildarvirðisauka í bálkum C, D og E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, þurfa einungis að senda gögn fyrir atvinnulífði í heild, aðalatvinnugreinaflokka og bálkastig atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna, eða vöruflokkunar eftir atvinnugreinum.“

Skilafrestur gagna

Textanum í g-lið (Skilafrestur gagna) er breytt sem hér segir:

1. Í 1. mgr. er ákveðnum breytum breytt, eða bætt við, eins og hér segir:

„Breyta	Tímamörk
110	1 mánuðir og 10 almanaksdagar
(...)	(...)
210	2 mánuðir
(...)	(...)
340	1 mánuðir og 15 almanaksdagar,“

2. Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

- „2. Skilafresturinn kann að vera allt að 15 almanaksdögum lengri fyrir gögn á flokks- og undirgreinarstigi atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna eða flokks- og undirgreinarstigi vörflokkunar eftir atvinnugreinum.

Að því er varðar aðildarríki, sem eru með minna en 3% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins sem heildarvirðisauka í bálkum C, D og E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna getur skilafresturinn verið allt að 15 almanaksdögum lengri fyrir gögn um allt atvinnulífið í aðalatvinnugreinaflokkum og á bálkastigi atvinnugreinaflokunar Evrópusambandsins eða á deildarstigi vörflokkunar eftir atvinnugreinum.“

Forkannanir

Töluliðir 2 og 3 undir h-lið (Forkannanir) falli brott.

Fyrsta viðmiðunartímabil

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við f-lið (Fyrsta viðmiðunartímabil):

„Fyrsta viðmiðunartímabilið fyrir sendingu breytna á erlendum mörkuðum með aðgreiningu í evrusvæði og svæði utan evrusvæðisins er eigi síðar en janúar 2005.

Fyrsta viðmiðunartímabilið fyrir breytu 340 er eigi síðar en janúar 2006 með því skilyrði að grunnár í gildi sé eigi síðar en 2005.“

Aðlögunartímabil

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við j-lið („Aðlögunartímabil“):

- „3. Heimilt er að veita aðlögunartímabil sem lýkur 11. ágúst 2007 vegna breytu nr. 340 með aðgreiningu í evrusvæði og svæði utan evrusvæðisins fyrir breytur 122, 132, 312 og 340 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

4. Veita má umbreytingartímabil sem lýkur 11. ágúst 2007 til að breyta skilafresti gagna fyrir breytu 110 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.
5. Veita má umbreytingartímabil sem lýkur 11. ágúst 2006 til að breyta skilafresti gagna fyrir breytu 210 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

B-HLUTI

Ákvæðum viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

Skrá yfir breytur

Textanum í c-lið (Skrá yfir breytur) er breytt sem hér segir:

1. Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi texti:

„5. Aðeins er leyfilegt að nota breytu framleiðsluverðs (nr. 310) til að nálgast breytur vegna byggingarkostnaðar (nr. 320, 321, 322) ef þær eru ekki tiltækar. Venja þessi er heimiluð til 11. ágúst 2010.“

2. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„6. Aðildarríki skulu framkvæma athuganir sem framkvæmdastjórnin hefur hafið og sett upp í samráði við aðildarríkin. Athuganirnar skulu fara fram, að teknu tilliti til ávinningsins af því að afla gagnanna í samanburði við kostnað fyrirtækja við að afla þeirra og fyrirhöfn þeirra, til að:

- a) meta hagkvæmni ársfjórðungslegrar breytu á framleiðsluverði (nr. 310) í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð,
- b) skilgreina hentuga aðferðafræði við gagnasöfnun og útreikning vísitalna.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 11. ágúst 2006, gera tillögu um skilgreiningu sem gilda skal um framleiðsluverðsbreytu.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður athugananna eigi síðar en 11. ágúst 2007.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., ákveða, eigi síðar en 11. ágúst 2008, hvort beita eigi b-lið 17. gr. til að setja framleiðsluverðsbreytuna í stað byggingakostnaðarbreytuna frá grunnárinu 2010.“

Framsetning

Í stað textans undir d-lið (Framsetning) komi eftirfarandi:

- „1. Senda ber allar breytur óleiðréttar, ef tiltækar eru.
2. Einnig skal senda framleiðslubreytunar (nr. 110, 115 og 116) og vinnustundabreytuna (nr. 220) á vinnutíma-leiðréttri framsetningu. Aðildarríki skulu einnig senda aðrar breytur, sem verða fyrir áhrifum af vinnudögum,

vinnutímaleiðréttar. Heimilt er að breyta skrá yfir breytur, sem skal senda vinnutímaleiðréttar miðað við fjölda vinnudaga, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

3. Einnig er aðildarríkjum heimilt að senda árstíðaleiðréttar breytur og einnig að senda breytur sem þróunarferli. Framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) er aðeins heimilt að gera og birta árstíðaleiðréttu breytur og breytur sem þróunarferli ef gögn eru ekki send í slíkri framsetningu.
4. Senda á breytur nr. 110, 115, 116, 320, 321 og 322 sem vísitölu. Senda skal breytur nr. 411 og 412 í rauntölum. Senda á allar aðrar breytur annaðhvort sem vísitölu eða rauntölur.“

Viðmiðunartímabil

Í stað textans í e-lið (Viðmiðunartímabil) komi eftirfarandi:

„Eins mánaðar viðmiðunartímabil skal gilda fyrir breytur 110, 115 og 116. Viðmiðunartímabil sem er að minnsta kosti ársfjórðungur skal gilda um allar aðrar breytur í þessum viðauka.“

Í aðildarríkjum þar sem virðisauki í bálki F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE) á tilteknu grunnári er minna en 1% af heildarvinnsluvirði Evrópubandalagsins þarf viðmiðunartímabil fyrir breytur 110, 115 og 116 aðeins að vera ársfjórðungur.“

Nákvæmnistig

Eftirfarandi undirgrein er bætt við f-lið (Nákvæmnistig):

- „6. Aðildarríki sem eru með minna en 1% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins sem virðisauka í bálki F í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna þurfa einungis að senda gögn fyrir heildarvirði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar (bálkastig atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna).“

Skilafrestur gagna

Í g-lið (Skilafrestur gagna) komi eftirfarandi í stað breytna 110, 115, 116 og 120:

„Breyta	Tímamörk
110	1 mánuðir og 15 almanaksdagar
115	1 mánuðir og 15 almanaksdagar
116	1 mánuðir og 15 almanaksdagar
(...)	(...)
210	2 mánuðir.“

Forkannanir

Töluliðir 1 og 3 undir h-lið (Forkannanir) falli brott.

Fyrsta viðmiðunartímabil

Eftirfarandi texta er bætt við i-lið (Fyrsta viðmiðunartímabil):

„Fyrsta viðmiðunartímabilið fyrir sendingu breytna 110, 115 og 116 með mánaðarlegu viðmiðunartímabili er eigi síðar en janúar 2005.“

Aðlögunartímabil

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við j-lið (Aðlögunartímabil):

- „3. Veita má umbreytingartímabil sem lýkur 11. ágúst 2007 til að breyta viðmiðunartímabilinu fyrir breytur 110, 115 og 116 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.
4. Veita má umbreytingartímabil sem lýkur 11. ágúst 2007 til að breyta skilafresti gagna fyrir breytur 110, 115, 116 og 120 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

C-HLUTI

Viðauka C við reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

Skrá yfir breytur

Eftirfarandi undirgrein er bætt við c-lið (Skrá yfir breytur):

- „4. Aðildarríki skulu framkvæma athuganir sem framkvæmdastjórnin hefur hafið og set upp í samráði við aðildarríkin. Athuganirnar skulu fara fram, að teknu tilliti til ávinningsins af því að afla gagnanna í samanburði við kostnað fyrirtækja við að afla þeirra og fyrirhöfn þeirra, til að:
 - a) meta hagkvæmni þess að senda ársfjórðungslega vinnustundabreytu (nr. 220) fyrir smásöluverslun og viðgerðir,
 - b) meta hagkvæmni þess að senda ársfjórðungslega breytu yfir verg laun og greiðslur (nr. 230) fyrir smásöluverslun og viðgerðir,
 - c) skilgreina hentuga aðferðafræði við gagnasöfnun og útreikning vísitalna.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður athugananna eigi síðar en 11. ágúst 2007.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., ákveða, eigi síðar en 11. ágúst 2008, hvort beita eigi b-lið 17. gr. til að telja með vinnustundabreytuna (nr. 220) og breytu yfir verg laun og greiðslur (nr. 230) frá grunnárinu 2010.“

Framsetning

Í d-lið (Framsetning) komi eftirfarandi í stað 1. og 2. liðar:

- „1. Senda ber allar breyturnar óleiðréttar, ef þær eru tiltækar.
2. Einnig skal senda veltubreytuna (nr. 120) og sölumagnsbreytuna (nr. 123) leiðréttar miðað við fjölda vinnudaga. Aðildarríki skulu einnig senda aðrar breytur, sem verða fyrir áhrifum af vinnudögum, vinnutímaleiðréttar. Heimilt er að breyta skrá yfir breytur, sem skal senda vinnutímaleiðréttar miðað við fjölda vinnudaga, í samræmi við aðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

Nákvæmnistig

Textanum í f-lið (Nákvæmnistig) er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Veltubreytan (nr. 120) og breyturnar fyrir raunvirði sölu/sölumagns (nr. 330/123) ber að senda á því nákvæmnistigi sem tilgreint er í 2., 3. og 4. mgr. Senda ber breytuna fyrir heildarfjölda starfsmanna (nr. 210) á því nákvæmnistigi sem tilgreint er í 4. mgr.“

2. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„5. Aðildarríki, sem eru með minni veltu en 1% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins sem heildarvirðisauka í deild 52 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins á tilteknu grunnári, þurfa einungis að senda veltubreytuna (nr. 120) og breytur raunvirðis sölu/sölumagns (nr. 330/123) samkvæmt nákvæmnistiginu sem er skilgreint í 3. og 4. mgr.“

Skilafrestur gagna

Eftirfarandi kemur í stað textans í g-lið (Skilafrestur gagna):

- „1. Breyturnar fyrir veltu (nr. 120) og raunvirði sölu/sölumagns (nr. 330/123) ber að senda innan tveggja mánaða á því nákvæmnistigi sem tilgreint er í 2. lið f-þáttar í þessum viðauka. Skilafresturinn getur verið allt að fimmtán dögum lengri fyrir þau aðildarríki sem eru með veltu í deild 52 á tilteknu grunnári sem er minna en 3% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins.
2. Breyturnar fyrir veltu (nr. 120) og raunvirði sölu/sölumagns (nr. 330/123) ber að senda innan eins mánaðar á því nákvæmnistigi sem tilgreint er í 3. og 4. mgr. f-liðar í þessum viðauka. Aðildarríki geta ákveðið að taka þátt í veltubreytunni og breytunum um raunvirði sölu/sölumagns nr. 120 og 330/123 með framlögum í samræmi við evrópskt úrtakskerfi eins og það er skilgreint í d-lið fyrsta undirliðar í 2. lið 4. gr. Skilyrðin fyrir skiptingunni skal ákveða í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 18. gr.
3. Breyturnar um heildarfjölda starfsmanna ber að senda innan tveggja mánaða frá lokum viðmiðunartímabilsins. Skilafresturinn getur verið allt að fimmtán dögum lengri fyrir aðildarríkin sem eru með minni veltu í deild 52 á tilteknu grunnári en 3% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins.“

Forkannanir

Töluliðir 2 og 4 undir h-lið (Forkannanir) falli brott.

Aðlögunartímabil

Eftirfarandi undirgrein er bætt við j-lið (Aðlögunartímabil):

- „4. Heimila má aðlögunartímabil sem lýkur eigi síðar en 11. ágúst 2006 til að breyta skilafrestum gagna fyrir breytu nr. 210 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

D-HLUTI:

Viðauka D við reglugerð (EB) nr. 1165/98 er breytt sem hér segir:

Skrá yfir breytur

Textanum í c-lið (Skrá yfir breytur) er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi breyta bætist við í 1. mgr.:

„Breyta	Heiti
310	Framleiðsluverð,“

2. Eftirfarandi undirgreinar bætist við:

- „3. Framleiðsluverðsbreytan (nr. 310) nær yfir þjónustu sem veitt er viðskiptavinum sem eru fyrirtæki eða einstaklingar sem eru í fyrirsvari fyrirtækja.
4. Aðildarríki skulu framkvæma athuganir sem framkvæmdastjórnin hefur hafið og sett upp í samráði við aðildarríkin. Athuganirnar skulu fara fram, að teknu tilliti til ávinningsins af því að afla gagnanna borið saman við kostnað fyrirtækja við að afla þeirra og fyrirhöfn þeirra, til að:
- meta hagkvæmni þess að senda ársfjórðungslega vinnustundabreytu (nr. 220) fyrir aðra þjónustu,
 - meta hagkvæmni þess að senda ársfjórðungslega breytu yfir verg laun og greiðslur (nr. 230) fyrir aðra þjónustu,
 - skilgreina hentuga aðferðafræði við gagnasöfnun og útreikning vísitalna,

- d) skilgreina hentugt sundurliðunarstig. Sundurliða skal gögnin eftir atvinnustarfsemi sem bálkar atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna skilgreind og með frekari sundrun, þó ekki frekar en stig deilda atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (tveir tölustafir) eða hópaskiptingar deilda segja til um.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður athugananna eigi síðar en 11. ágúst 2007.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., ákveða, eigi síðar en 11. ágúst 2008, hvort beita eigi b-lið 17. gr. til að telja með vinnustundabreytuna (nr. 220) og breytu yfir verg laun og greiðslur (nr. 230) frá grunnári 2010.“

Framsetning

Textanum samkvæmt d-lið (Framsetning) er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Senda ber allar breyturnar óleiðréttar, ef tiltækar eru.

2. Veltubreytuna (nr. 120) ber að senda leiðréttá miðað við fjölda vinnudaga. Aðildarríki skulu einnig senda aðrar breytur, sem verða fyrir áhrifum af vinnudögum, vinnutímaleiðréttar. Heimilt er að breyta skrá yfir breytur, sem skal senda vinnutímaleiðréttar miðað við fjölda vinnudaga, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“

2. Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Senda ber framleiðsluverðsbreytuna (nr. 310) eins og vísitölu. Senda ber allar aðrar breytur sem vísitölu eða rauntölur.“

Viðmiðunartímabil

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við undir e-lið (Viðmiðunartímabil):

„Aðildarríki skulu framkvæma athuganir sem framkvæmdastjórnin hefur hafið og set upp í samráði við aðildarríkin. Framkvæma skal athuganirnar með tilliti til ávinninginn af styttra viðmiðunartímabili í tengslum við kostnað fyrirtækja við söfnun og fyrirhöfn til að meta hagkvæmni þess að stytta viðmiðunartímabilið um ársfjórðung fyrir veltubreytuna (nr. 120) í eins mánaðar viðmiðunartímabil.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um niðurstöður athugananna eigi síðar en 11. ágúst 2007.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., ákveða, eigi síðar en 11. ágúst 2008, hvort beita eigi d-lið 17. gr. í tengslum við endurskoðun tíðni samantektar á veltubreytunni.“

Nákvæmnistig

Textanum í f-lið (Nákvæmnistig) er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 3. og 4. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríki, sem eru með minni veltu en 4% af heildartölu Evrópubandalaganna á uppgefnu grunnári, þurfa aðeins að senda veltubreytuna samkvæmt tveggja tölustafa kerfi fyrir deildir 50, 51, 64 og 74 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.

4. Aðildarríki, sem eru með heildarvirðisauka í bálki I sem er minna en 5% af heildartölu Evrópubandalagsins á uppgefnu grunnári, þurfa aðeins að senda breytuna fyrir fjölda starfsmanna (nr. 120) fyrir bálk I í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE) á bálkastigi.

2. Eftirfarandi undirgreinar bætist við:

„5. Sendu skal breytuna yfir framleiðsluverð (nr. 310) samkvæmt eftirfarandi atvinnustarfsemi og flokkun í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE):

60.24, 63.11, 63.12, 64.11, 64.12 (með fjórum tölustöfum),

61.1, 62.1, 64.2 (með þremur tölustöfum),

72.1, 62.1, 72.6 (með þremur tölustöfum),

summu 74.11 til 74.14,

summu 74.2 og 74.3,

74.4 til 74.7 (með þremur tölustöfum),

Heimilt er að áætla gildi atvinnugreinaflokunar Evrópubandalaganna 74.4 með birtingu auglýsinga.

Deild 74.5 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna tekur til heildarverðs ráðninga vinnuafls og veitingu starfsfólks.

6. Heimilt er að breyta skránni yfir atvinnustarfsemi og flokkun fram til 11. ágúst 2008 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

7. Aðildarríki, sem eru með minni veltu en 4% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins á tilteknu grunnári, þurfa aðeins að senda framleiðsluverðsbreytuna (nr. 310) yfir framleiðsluverð á deildarstigi fyrir deild 72 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna.“

Skilafrestur gagna

Eftirfarandi kemur hér með í stað textans í g-lið (Skilafrestur gagna):

„Senda skal breyturnar, við lok viðmiðunartímabilsins, innan eftirfarandi tímamarka:

Breyta	Tímamörk
120	2 mánuðir
210	2 mánuðir
310	3 mánuðir.“

Fyrsta viðmiðunartímabil

Eftirfarandi texta er bætt við f-lið (Fyrsta viðmiðunartímabil):

„Fyrsta viðmiðunartímabilið fyrir sendingu framleiðsluverðsbreytuna nr. 310 er eigi síðar en fyrsti ársfjórðungur 2006.“
Veita má frekar frávík til eins árs á fyrsta viðmiðunartímabilinu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. með því skilyrði að grunnár eigi síðar en 2006 sé í gildi.“

Aðlögunartímabil

Eftirfarandi undirgreinum er bætt við j-lið (Aðlögunartímabil):

„Heimila má aðlögunartímabil, sem lýkur eigi síðar en 11. ágúst 2008 fyrir breytu nr. 310 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. Heimilt er að lengja aðlögunartímabil í eitt ár vegna innleiðingar á breytu nr. 310 fyrir deildir 63 og 74 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. Auk þessara aðlögunartímabila er heimilt að veita þeim aðildarríkjum sem eru með veltu sem er minni en 1% af heildarniðurstöðutölu Evrópubandalagsins í atvinnustarfsemi sem vísað er til í fyrirsögn a) „Gildissvið“ í atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, að lengja aðlögunartímabil um eitt ár, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

Heimila má aðlögunartímabil, sem lýkur eigi síðar en 11. ágúst 2006, til að breyta skilafresti gagna fyrir breytur nr. 120 og 210 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.“
